

Nr. 21-124 S 080 Valdimar GK 195***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2354 *IMO nr.* 8302117
Útgerð: Þorbjörn hf.
Smíðaður: Noregur 1982, stál
Stærð: 569,0 BT.
Mesta lengd: 41,36 m *Skráð lengd:* 38,0 m
Breidd: 8,5 m *Dýpt:* 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. janúar 2021 var Valdimar GK 195 á línuveiðum á SV miðum. Veður: Gola sjólítið.

Þegar skipverjar voru að taka millibólið kom færið brugðið utan um línuna. Skipverjinn sem var á rúllunni skar á færið og var að hnýta það saman þegar færið kipptist úr höndunum á honum. Skipverjar voru tveir við verkið. Annar skipverjinn slasaðist á vísifingri hægri handar. Hann var spelkaður um borð og fluttur í land með skipi sem var á landleið.

Nefndarálit:

Atvikið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar